

**1. Auðkenning efnis eða blöndu og upplýsingar um fyrirtæki.****1.1. Auðkenni vöru**Söluheiti vöru: **Bensín 95 og 98 oktan**

Tilvísunarnúmer: -

Gerð vöru: Blanda, vökvi.

Reach skráningarnr: -

**1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun sem ráðið er frá**

Notkun vöru: Eldsneyti fyrir sprengihreyfla með neistakveikju.

Fráráðin notkun: -

**1.3. Upplýsingar um fyrirtækið sem lætur gera öryggisblaðið**Fyrirtæki: SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000  
[www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is)Tengiliður fyrirtækis: [msds@skeljungur.is](mailto:msds@skeljungur.is)

Útgáfudagsetning: 10.05.2017

Útgáfa: 1,0

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>**1.4. Neyðarsímanúmer:**

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

**2. Hættugreining.****2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar****Flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 með síðari breytingum (CLP)**

Eldfimir vökvar, fl. 1	H224
Eiturhrif vegna ásvelgingar, fl. 1	H304
Húðerting, fl. 2	H315
Sértæk eiturhrif á marklíffæri – váhrif í eitt skipti, fl. 3	H336
Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, fl. 1B	H340
Krabbameinsvaldandi áhrif, fl. 1B	H350
Eiturhrif á æxlun, fl. 2	H361d
Sértæk eiturhrif á marklíffæri - endurtekin váhrif, fl. 3	H373
Langvinn eiturhrif á vatn, fl. 2	H411

**Helstu hættur**

Eðlisræn hættu: Afar eldfimur vökvi og gufa.

Heilsufarshætta: Getur valdið erfðagöllum.  
Getur valdið krabbameini.  
Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.  
Efnið getur verið banvænt ef það kemst í öndunarvegi við inntöku eða uppköst.  
Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.  
Ertir húð. Getur valdið sljóleika eða svima.

*Umhverfishætta:* Eitrað vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

## 2.2. Umbúðamerkingar

*Umbúðamerkingar skv. reglugerð 415/2014 með síðari breytingum (CLP)*



*Hættumerki:*

*Viðvörðunarorð:* Hætta

*Innihaldsefni:* -

*Hættusetningar (H):*

- H224 Afar eldfimur vökvi og gufa.
- H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
- H315 Veldur húðertingu.
- H336 Getur valdið sljóleika eða svima.
- H340 Getur valdið erfðagöllum.
- H350 Getur valdið krabbameini.
- H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.
- H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.
- H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

*Varnaðarsetningar (P)*

*Almennar:* -

*Forvarnir:*

- P201 Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.
- P210 Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikjuvöldum - Reykingar bannaðar.
- P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur.

*Viðbrögð:* P301 + P310 EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

*Geymsla:* P403 + P233 Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera vel luktar.

*Förkun:* P501 Fargið innihaldi/íláti með öruggum hætti og í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

*Viðbótarupplýsingar:* -

## 2.3. Aðrar hættur

*Aðrar hættur:* -

*Takmarkanir á notkun:* Gæta þarf sérstakrar varúðar varðandi vinnu fólks yngri en 18 ára með efnið.

*Annað:* Inniheldur engin PBT eða vPvB efni.

*Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.*

## 3. Samsetning/upplýsingar um innihaldsefni.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti	Magn, %	Flokkun
86290-81-5	289-220-8	bensín	85 - 100	Eldf. vökvar 1 H224 Eit. v. ásvlg. 1 H304 Húðert. 2 H315 SEM-VES 3 H336 Stökkbr. 1B H340 Krabb. 1B H350

				Eit. á æxlun 2 SEM-EV 2 Langv. eit. á vatn 2	H361d H373 H411
1634-04- 4	216-653- 1	2-metoxý-2-metýlprópan	0 - 15	Eldf. vökvar 2 Húðert. 2	H225 H315
108-88-3	203-625- 9	tólúen	7 - 15	Eldf. vökvar 2 Eit. v. ásvelg. 1 Húðert. 2 SEM-VES 3 Eit á æxlun 2 SEM-EV 2	H225 H304 H315 H336 H361d H373
67-17-5	200-578-6	etanól	0 - 5	Eldf. vökvi 2	H225
71-43-2	200-753- 7	benzen	0,7 - 2	Eldf. vökvar 2 Eit. v. ásvelg. 1 Húðert. 2 Augnert. 2 Stökkbr. 1 Krabb. 1A SEM-EV 1	H225 H304 H315 H319 H340 H350 H372
110-54-3	203-777- 6	n-hexan	0 - < 3	Eldf. vökvar 2 Eit. v. ásvelg. 1 Húðert. 2 SEM-VES 3 Eit. á æxlun 2 SEM-EV 2 Langv. eit. á vatn 2	H225 H304 H315 H336 H361f H373 H411

Varnaðarmerkingar, sjá kafla 2.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

## 4. Skyndihjálp.

### 4.1. Lýsing á skyndihjálparaðgerðum

*Almennt:* Hafið öryggisblaðið eða umbúðamerkingar meðferðis ef leitað er til læknis eða slysadeildar.

Brunasár: Skolið með vatni þar til verkir hætta. Fjarlægið klæðnað sem er ekki fastur við húðina. Leitið læknis eða flytjið slasaða á sjúkrahús. Haldið skolun áfram meðan á flutningi stendur ef hægt er.

*Við innöndun:* Tryggið hreint loft. Leitið læknis ef óþægindi eru viðvarandi.

*Snerting við húð:* Fjarlægið föt sem mengast hafa af efninu og þvoðið húðina vel með nægu vatni og sápu. Leitið læknis ef óþægindi eru viðvarandi.

*Snerting við augu:* Skolið vel með nægu vatni eða augnskólunarlausn með augað vel opið þar til erting hættir. Leitið læknis ef erting er viðvarandi.

*Inntaka:* Skolið munn og háls vel með vatni og gefið síðan 1 til 2 glös af vatni að drekka í smáum skömmtum. Framkallið EKKI uppköst. Ef uppköst verða, skal halda höfðinu lágt til að forðast að efnið berist í lungun. Hafið strax samband við lækni eða eitrunarmiðstöð.

### 4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

*Áhrif, einkenni:* Getur valdið erfðagöllum. Getur valdið krabbameini. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði. Hætta er á lungnabjúg eða efnalungnabólgu ef efnið kemst í öndunarvegi við inntöku eða uppköst, getur verið banvænt. Ertir húð, roði. Getur valdið sljóleika eða svima. Sjá einnig kafla 11.

**4.3. Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á**

Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk:

Meðhöndlun skv. einkennum.

**5. Viðbrögð við eldsvoða.****5.1. Slökkviefni/búnaður**

*Heppileg slökkviefni:* Duft, froða, vatnsúði.

*Óæskilegur búnaður:* Notið ekki vatnsbunu þar sem hætta er á að það auki útbreiðslu eldsins.

**5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar**

*Sérstakar hættur:* Gufa efnisins getur myndað eldfima/sprengifima blöndu með andrúmslofti. Við bruna geta myndast hættulegar gufur s.s. kolmónoxíð, koldíoxíð og nituroxíð.

**5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn**

*Hlífðarbúnaður:* Notið fullan hlífðarbúnað fyrir efnabruna og ferskloftstæki ef hætta er á snertingu.

*Sérstakar aðferðir:* Fjarlægjið umbúðir með efninu á hættusvæðinu ef hægt er án áhættu. Forðist innöndun á brunagasi og gufum. Kælið lokaðar umbúðir á hættusvæðinu með vatnsúða eða vatni.

**6. Ráðstafanir vegna efnaleka.****6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir**

*Öryggisráðstafanir:* Haldið óviðkomandi frá, verið vindmegin við mengaða svæðið og haldið fjarlægð. Loftræstið svæðið. Notið viðeigandi öndunartæki ef loftræsting er ekki fullnægjandi. Notið hlífðarhanska við hreinsunarstörf. Notið hlífðargleraugu ef hætta er á slettum.

Fjarlægjið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafragni. Notið aðeins neista- og sprengivarin áhöld og tæki.

*Hlífðarbúnaður:* Mælt er með hlífðargalla skv. EN 943-2 eða sambærilegum.

**6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins**

*Varúðarráðstafanir:* Hindrið að efnið berist í niðurföll, vatn í umhverfinu eða jarðveg. Ef efnið berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

**6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar**

*Aðferðir og efni:* Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar. Þurrkið minniháttar mengun upp með klút.

**6.4. Tilvísanir í aðra kafla**

*Tilvísanir:* Sjá kafla 8 fyrir upplýsingar um persónuhlífar.

Sjá kafla 13 fyrir upplýsingar um förgun.

**7. Meðhöndlun og geymsla.****7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun**

*Meðhöndlun:* Tryggið fullnægjandi loftræstingu, t.d. með frásogi frá notkunarstað. Haldið frá opnum eldi, hita- og neistagiðfum, reykingar bannaðar. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafragni. Notið aðeins neista- og sprengivarin áhöld og tæki.

Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Geymið ekki neysluvörur á vinnusvæði. Geymið vinnufatnað sér þannig að hann komist ekki í snertingu við önnur föt. Þvoið hendur fyrir hlé og eftir vinnu.

Banna skal alla neyslu og reykingar þar sem hætta er á mengun af krabbameinsvaldandi efnun. Notið viðeigandi varúðarmerki. Aðstaða þarf að vera fyrir hendi á eða við vinnusvæði til neyslu matar og drykkja án þess að hætta sé á mengun. Fullnægjandi hreinlætisaðstaða þarf að vera fyrir hendi fyrir persónulegt hreinlæti og til að hindra dreifingu krabbameinsvaldandi mengunarefna. Hreinlætisáætlun þarf að innihalda fyrirmæli um hreinsun mengunar af veggjum og öðrum yfirborðsflötum.

### 7.2. Örugg geymsluskilyroi, þ.m.t. vegna hvers konar ósamrýmanleika

**Geymsla:** Geymist í upprunalegum umbúðum vel lokuðum á vel loftræstum öruggum stað þar sem börn ná ekki til. Geymið ekki með matvælum eða öðrum neysluvörum, fóðri eða lyfjum. Geymið ekki með sterkum oxunar- eða afoxunarmiðlum.

**Ósamrýmanleiki:** Sterkir oxunarmiðlar, sterkir afoxunarmiðlar.

### 7.3. Sértek endanleg notkun

**Sértek notkun:** -

## 8. Váhrifavarnir/persónuhlífar.

### 8.1. Mengunarmörk

Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (PG) = þakgildi):

Olíuþoka, (olíuúði):	(MG)		1 mg/m <sup>3</sup>
Tólúen:	(MG)	25 ppm	94 mg/m <sup>3</sup>
	(PG)	50 ppm	198 mg/m <sup>3</sup>
Benzen:	(MG)	0,5 ppm	1,6 mg/m <sup>3</sup>
n-hexan:	(MG)	20 ppm	72 mg/m <sup>3</sup>

### 8.2. Váhrifavarnir

**Tæknilegar aðgerðir:** Tryggið fullnægjandi loftræstingu, t.d. með frásogi frá notkunarstað. Greiður aðgangur þarf að vera að vatni og augnskolunaráhöldum.

**Persónuhlífar:**

**Öndunartæki:** Ekki nauðsynleg ef loftræsting er fullnægjandi eða þar sem unnið er með efnið í stuttan tíma (< 2 klst.). Notið öndunargrímu með síu af gerð A/AX ef loftræsting er ófullnægjandi og við vinnu með efnið í lengri tíma (> 2 klst.). Öndunartæki þurfa að uppfylla kröfur EN136/140/145.

**Fyrir augu:** Hlíðargleraugu skv. EN 166 ef hætta er á slettum.

**Fyrir hendur:** Hlíðarhanskar úr nítrílgúmmíi með gegndræpitíma > 8 klst. Hanskar þurfa að uppfylla kröfur EN 374.

**Fyrir húð:** Hlíðargalli.

**Hreinlæti við vinnu:** Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Þvoið hendur með vatni og sápu fyrir hlé og eftir notkun efnisins. Geymið vinnufatnað sér þannig að hann komist ekki í snertingu við önnur föt.

**Umhverfið:** Hindrið að efnið berist í niðurföll, vatn í umhverfinu eða jarðveg.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

### 9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

**Ástand:** Vökvi

Útlit:	Tær	
Lykt:	Bensínlykt	
Sýrustig (pH):	-	
Suðumark:	-	
Bræðslumark:	-	
Blossamark:	-	
Sprengimörk:	Ekki sprengifimt	
Eldnærandi:	Ekki eldnærandi	
Gufuþrýstingur:	45-100 kPa	EN 13016-1
Gufuþéttni:	-	
Rokgjörn lífræn efni:	-	
Eðlisþyngd:	0,72-0,755 g/cm <sup>3</sup> við 15°C	EN/ISO 12185, EN/ISO 3675
Seigja:	-	
Leysni:	-	
Deilistuðull:	-	

## 9.2. Aðrar upplýsingar

Annað: -

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

### 10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni: Hvarfast við sterka oxunarmiðla og sterka afoxunarmiðla.

### 10.2. Efnafraeðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki: Efnið er stöðugt við rétta meðhöndlun og geymslu.

### 10.3. Möguleg hættuleg efnahvörf

Hættuleg efnahvörf: Gufa efnisins er þyngri en loft og getur myndað eldfima/sprengifima blöndu með andrúmslofti sem getur dreifs með gólfum.

### 10.4. Skilyrði sem þarf að varast

Skilyrði: Hiti og annað sem valdið getur íkveikju.

### 10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni sem skal varast: Sterkir oxunarmiðlar, sterkir afoxunarmiðlar.

### 10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

Hættuleg myndefni: Efnið brotnar niður við háan hita og við bruna með myndun á eitruðum gastegundum s.s. kolefnisoxíðum og nituroxíðum.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

### 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Helstu áhrifaleiðir: Innöndun, húð, inntaka.

Áhrif við innöndun: Getur valdið ertingu í öndunarvegi. Getur valdið sljóleika og svima. Hár styrkur getur valdið höfuðverk og rugli. Endurtekin eða langvarandi innöndun lífrænna leysiefna getur leitt til varanlegra skemmda á miðtaugakerfi.

Áhrif á augu: Getur valdið ertingu.

Áhrif á húð: Ertandi, roði. Endurtekin eða langvarandi snerting við lífræn leysiefni getur leitt til varanlegra skemmda á miðtaugakerfi.

Áhrif við inntöku: Óþægindi í meltingarvegi. Hætta er á efnalungnabólgu sem getur verið banvæn ef efnið kemst í öndunarvegi við inntöku eða uppköst.

*Bráð eiturrhrif:* LC50 (innöndun, rottur): > 5610 (OECD 403)  
LD50 (húð, kanínur): > 2000 mg/kg (OECD 402)  
LD50 (inntaka, rottur): > 5000 mg/kg (OECD 401)

*Langvinn áhrif:* Getur valdið erfðagöllum. Getur valdið krabbameini. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði. Endurtekin eða langvarandi snerting eða innöndun lífrænna leysiefna getur leitt til varanlegra skemmda á miðtaugakerfi.

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar.

### 12.1. Eiturhrif

*Eiturhrif:* Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

EC50 (liðdýr, Daphnia magna): 4,5 mg/l/48 klst.  
IC50 (þörungur, Selenastrum capricornutum): 3,1 mg/l/72 klst.  
LC50 (fiskur, Pimephales promelas): 8,2 mg/l/96 klst.

### 12.2 Þrávirkni og niðurbrotanleiki

*Þrávirkni/niðurbrot:* Bensín er auðlífbrotanlegt. Innihaldsefni eru í vörunni sem brotna ekki greiðlega niður lífrænt.

### 12.3. Uppsöfnun í lífverum

*Uppsöfnun í lífverum:* Upplýsingar liggja ekki fyrir.

### 12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi og vatni

*Hreyfanleiki:* Varan inniheldur a.m.k. eitt efni með lítinn hreyfanleika í jarðvegi.

### 12.5. Mat á PBT/vPvB\*- eiginleikum

*PBT/vPvB efni:* Varan inniheldur engin PBT/vPvB efni.

### 12.6. Önnur skaðleg áhrif

*Aðrar upplýsingar:* -

\* PBT: þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð  
vPvB: mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

## 13. Förgun.

### 13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

*Meðhöndlun úrgangs:* Spilliefni. Fargið úrgangi og leifum á öruggan hátt og í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur.

*Úrgangsflokkun:* Endanotandi ákvarðar flokkun en eftirfarandi flokkun getur átt við:  
13 07 02 bensín.  
15 02 02 íseyg efni, síunarefni (þ.m.t. olíusúr sem ekki eru tilgreindar með öðrum hætti), þurrkur, og hlífðarfatnaður sem eru menguð með hættulegum efnum.

*Förgun umbúða:* Fargið umbúðum á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri.

Endurnýtið eða endurvinnið ef hægt er. Forðist að mengun berist í niðurföll, vötn, vatnsfarvegi, grunnvatn eða jarðveg. Fargið úrgangi í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

**14. Upplýsingar um flutninga.****14.1. UN númer**

UN númer: 1203

**14.2. Rétt UN sendingarheiti**

Sendingarheiti: GASOLINE

**14.3. Hættuflokkur eða flokkar vegna flutninga**

Hættuflokkur/flokkar: 3

Varúðarmerki: 3

Hættunúmer: 33

Gangakóði: D/E

EmS: F-E, S-E

**14.4. Pökkunarflokkur**

Pökkunarflokkur: II

**14.5. Umhverfishættur**

Skaðlegt umhverfinu: Já

Sjávarmengandi: Nei

Annað: Vöruna þarf að merkja sem skaðlega umhverfinu (GHS09) ef umbúðir eru yfir 5 kg/lítrar.

**14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda**

Varúðarráðstafanir: -

**14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka MARPOL-samningsins frá '73/'78 & IBC kóðanum:**

Magnflutningar: Á ekki við.

**15. Upplýsingar varðandi regluverk.****15.1. Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis**

EB reglugerðir: Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP).  
Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).  
Tilskipun 2012/18/EU (Seveso), E2 Hazardous to the Aquatic Environment in Category chronic 2, Column 2: 200 t, Column 3: 500 t.  
Tilskipun 2012/18/EU (Seveso), P5c FLAMMABLE LIQUIDS: Column 2: 5000 t, Column 3: 50000 t.  
Tilskipun ráðsins 94/33/EC frá 22. Júní 1994 um vernd ungmenna við vinnu.

Aðrar reglugerðir: -

Takmarkanir á notkun: Gæta þarf sérstakrar varúðar varðandi vinnu fólks yngri en 18 ára með efnið. Fólk undir 18 ára aldri má ekki vinna nein verk þar sem það kemst í snertingu við þessa vöru.

**15.2. Efnaöryggismat**

Efnaöryggisskýrsla: Skýrsla hefur verið gerð fyrir bensín.

**16. Aðrar upplýsingar.**

Dagsetning útgáfu: 10.05.2017



Útgáfa númer: 1,0

Breyttir liðir: -

Öryggisblað gert fyrir: SKELJUNGUR hf. Borgartúni 26 105 Reykjavík Sími 444 3000  
[www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is)

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

Texti allra hættusetninga í kafla 2 og 3:

- H224 Afar eldfimur vökvi og gufa.
- H225 Mjög eldfimur vökvi og gufa.
- H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
- H315 Veldur húðertingu.
- H319 Veldur alvarlegri augnertingu.
- H336 Getur valdið sljóleika eða svima.
- H340 Getur valdið erfðagöllum.
- H350 Getur valdið krabbameini.
- H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.
- H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi.
- H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.
- H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.
- H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

*Aðrar upplýsingar:* Öryggisblöðin innihalda mikilvægar upplýsingar um örugga geymslu, meðhöndlun og notkun vörunnar. Allir sem vinna með hana ættu að kynna sér efni þeirra.

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá Statoil ASA, N-4035 Stavanger, Norge, dags. 12.12.2016.